

Rektor setti fund kl. 9.05.

Mættir voru auk hans:

Aðalheiður Ámundadóttir fulltrúi nemenda
Helga Hlín Hákonardóttir fulltrúi háskólaráðs
Jóna Jónsdóttir varafulltrúi menntamálaráðuneytis
Kristín Ástgeirsdóttir varafulltrúi menntamálaráðuneytis
Svanfríður Inga Jónasdóttir varafulltrúi háskólaráðs
Þóroddur Bjarnason fulltrúi kennara

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Bragi Guðmundsson formaður dómnefndar HA
Ólafur Proppé formaður dómnefndar vegna umsókna um starf rektors

Rektor kynnti dagskrá. Ákvað hann að fresta því að bera upp fundargerð 278. fundar.

1. **Álitsgerð dómnefndar um hæfi umsækjenda um starf rektors**

0901004

Ólafur greindi frá því að samstarf nefndar um mat á hæfi umsækjenda um starf rektors hefði verið mjög ánægjulegt. Þá kvað hann það líka ánægjufni fyrir háskólann að svo góðar umsóknir hefðu borist.

Sagði Ólafur frá því að nefndin hefði fengið alla umsækjendur til viðtals. Á grundvelli umsóknargagna og viðtala hefði nefndin síðan byggt álit sitt. Nefndin flokkaði umsækjendur sem hæfa, vel hæfa eða mjög vel hæfa til að gegna umræddri stöðu. Gerði hann svo grein fyrir álit dómnefndarinnar. Af umsækjendunum var Stefán B. Sigurðsson einn metinn mjög vel hæfur. Eftir umræður var Ólafi Proppé og öðrum nefndarmönnum þakkað fyrir góð störf. Ólafur mun koma á fund háskólaráðs aftur ef ástæða er til en umsækjendur hafa frest til 8. maí til að gera athugasemdir við álit nefndarinnar. Ólafur yfirgaf fundinn. Kristín yfirgaf einnig fundinn.

2. **Svar háskólaráðs til Umboðsmanns Alþingis vegna framgangsmála**

0901007

Bragi Guðmundsson kom á fundinn og bauð rektor hann velkominn. Að ósk rektors skýrði Bragi út ferli framgangsmála og skipan og vinnulag dómnefndar í samræmi við reglur nr. 1207/2007 um störf dómnefndar, ráðningar og framgang háskólakennara við Háskólann á Akureyri.

Rektor gerði grein fyrir bréfi til Umboðsmanns Alþingis, dags. 4. maí 2009, sem Pétur Dam Leifsson tók saman að beiðni háskólaráðs. Bréfið er til frekari skýringa á vissum þáttum sem varða þau tvö framgangsmál sem um ræðir, og er svar við bréfi Umboðsmanns dags. 6. apríl sl.

Bragi skýrði frá því hvernig dómnefnd stóð að gerð dómnefndarálita í þessum tilteknu framgangsmálum. Einnig skýrði hann út hvernig stigamat var unnið.

Umræða varð um að stigamatskerfi HA og HÍ eru ekki fyllilega sambærileg og voru fundarmenn sammála um nauðsyn þess að háskólarnir hafi samræmt stigamatskerfi.

Fimm háskólaráðsfulltrúar undirrituðu bréfið til Umboðsmanns dags. 4. maí: Helga Hlín, Jóna, Kristín, Svanfríður og Þorsteinn. Bragi vék af fundi. Aðalheiður undirritaði ekki bréfið og sendi sérbréf þar sem hún lýsti afstöðu sinni. Þóroddur tilkynnti að hann myndi ekki undirrita það.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.15.